

## 5. fundur stjórnar AÐ, starfsárið 2010-2011

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 27. apríl 2011 kl.15:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Byggingastofnunar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri félagsins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Stefnumótun AÐ - innleiðingaráætlun

Guðlaug Gísladóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga fór yfir stöðu á vinnu við innleiðingu verkefna á grundvelli nýsamþykkrar stefnumótunar félagsins. Farið var yfir einstök verkefni og gerð grein fyrir stefnukorti sem unnið hefur verið á grundvelli stefnumótunarinnar.

Stjórn lýsir ánægju með framvindu mála og þakkar Guðlaugu hennar hlut í vinnunni.

### 2. Ársreikningar 2010

- Farið yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2010 sem liggur fyrir áritaður af löggiltum endurskoðanda félagsins. Tekjur ársins voru 46,3 mkr. og rekstrargjöld 47,1 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 702 þús. kr. og rekstrarhalli ársins því 137 þús. kr. Heildareignir félagsins námu 44,9 mkr. og heildarskuldir og skuldbindingar 54,1 mkr. Eigið fé félagsins var því neikvætt um 9,2 mkr. í árslok. Eins og fram kemur í reikningunum var hlutfé félagsins aukið í ársbyrjun 2011 um 10 mkr. og er því jákvætt í dag um 800 þús. kr.

Að yfirferð lokinni staðfesti stjórn ársreikningana með undirritun sinni.

- Farið yfir ársreikning vegna Vaxtarsamnings Norðausturlands fyrir árið 2010 sem liggur fyrir áritaður af löggiltum endurskoðanda. Heildartekjur samningsins á árinu voru 29,5 mkr. og heildarútgjöld 19,8 mkr. Þar af var úthlutað til verkefna 13,5 mkr. Heildareignir samningsins í árslok voru 23,1 mkr. Í ársbyrjun 2011 var úthlutað til verkefna 20,0 mkr.

Að yfirferð lokinni staðfesti stjórn ársreikninginn með undirritun sinni.

### 3. Rekstraráætlun 2011

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun ársins út frá þeim forsendum sem liggja fyrir. Grunnframlag ríkisins hefur verið skert frá fyrra ári ásamt því að rekstrarþóknun vegna vaxtarsamnings er felld niður en samtals nemur þessi skerðing rúmum 7 mkr. Áætlunin gerir ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi, þ.e. fjórum starfsmönnum í 3,5 stöðugildum og ytrasta aðhaldi í rekstri.

Heildartekjur eru áætlaðar 35,3 mkr. og rekstrargjöld að meðtölum fjármagnsliðum 35,0 mkr. og rekstrarafgangur því 300 þús. kr. Óvissa er varðandi verkefnatekjur og verða teknar ákvarðanir um hugsanlegar breytingar á rekstraráætlun þegar niðurstaða þar um liggur fyrir. Áætlunin samþykkt með framangreindum fyrirvara.

### 4. Aðalfundur 2011

Samþykkt að stefna að aðalfundi fimmtudaginn 19. maí nk. á Þórshöfn. Rædd umfjöllunarefni á málþingi samhliða aðalfundi og framkvæmdastjóra falið að vinna úr þeim hugmyndum.

### 5. Forkaupsréttur að hlutfé í Mývatnsstofu ehf.

Fyrir liggur erindi frá Mývatnsstofu ehf. þar sem boðinn er forkaupsréttur vegna hlutfjárauðningar í félaginu að upp hæð kr. 7.650.000,- Hlutur AÐ er 11,49% eða kr. 878.985,- Stjórnin samþykkir að neyta forkaupsréttarins.

Samþykkt þessi byggir á því að um er að ræða ráðstöfun á hluta söluverðs hlutabréfa úr eignasafni fyrrum Kísilgúrsjóðs sem er í eigu AP skv. samningi við iðnaðarráðuneytið.

## 6. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóra falið að vinna drög að viðmiðunarreglum um ráðstöfun eftirstöðva eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs sem yrðu m.a. grundvöllur samninga við iðnaðarráðuneytið um framtíðarráðstöfun eignanna, en fyrri samningur þar um rann út um sl. áramót.
- b) Lögð fram drög að umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Byggðastofnun – 139. löggjafarþing – þingskjal 1245 – 721. mál. Framkvæmdastjóra falið að fullvinna umsögnina og senda á stjórnarmenn til yfirlestrar.
- c) Framvinduskýrsla Vaxtarsamnings Norðausturlands 2010 lögð fram og staðfest.
- d) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að unnin hefur verið greinargerð um áætlunarflug á Húsavíkurflugvöll í framhaldi af bókun stjórnar 6. okt. sem byggði á umfjöllun málþings sem haldið var í tengslum við aðalfund félagsins 2010 undir heitinu *Samgöngur og samkeppnishæfni*. Greinargerðinni verður dreift til sveitarstjórnarmanna og valdra aðila í fluggeiranum og ferðaþjónustu á næstunnu og fylgt eftir á fundum með hagsmunaaðilum.
- e) Framkvæmdastjóri sagði frá ráðstefnu sem boðað hefur verið til nk. föstudag á Fosshótel Húsavík undir heitinu „*Ferðaþjónusta – hornsteinn hagsvaxtar*“ þar sem rætt verður um stöðu og tækifæri ferðaþjónustunnar á Húsavík og nágrenni. Að ráðstefnunni standa auk AP, Húsavíkurstofa, Þekkingarnet Þingeyinga, Imprá og Norðurþing.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50